

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1154  
komudagur 26.2.2004

Reykjavík, 25. febrúar 2004.

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um fullnustu refsidóma.**

Í framhaldi af fundi hjá nefndinni í gær, sem ég sótti sem ráðgjafi Fulltrúaráðs fanga á Litla-Hrauni, leyfi ég mér að senda yður eftirfarandi:

**1. Valfrjálsan viðauka við samninginn um bann við pyntingum (Optional Protocol to the Convention Against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment)**


Á fundinum í gær gerði ég grein fyrir nauðsyn þess að komið væri á óháðu eftirliti með fangelsum í landinu og á öðrum stöðum þar sem fólk er lokað inni. Af því tilefni var rætt um framkvæmd slíks eftirlits og af því tilefni fylgir valfrjálsa bókunin hér með. Í kafla IV í greinum 17-23 er fjallað um óháð eftirlit innan einstakra ríkja. Ísland undirritaði þessa valfrjálsu bókun hinn 24. september 2003. Með undirrituninni er líklegt að fyrirhugað sé að staðfesta valfrjálsu bókunina innan skamms og ég tel því óhjákvæmilegt að aðlaga fangelsislöggjöfina hér á landi þessum alþjóðasamningi og semja ákvæði um slíkt óháð eftirlit með fangelsunum hér á landi.

**2. Mál Ezeh og Connors gegn Bretlandi 9. október 2003.**

Hjálagt fylgir dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 9. október 2003 í framangreindu máli. Málið var dæmt 15. júlí 2002 í 3. deild dómstólsins en að ósk ríkisstjórnar Bretlands var málið sent til fullskipaðs dómstóls (Grand Chamber) og dæmt þar 9. október 2003. Í dómi þessum er fjallað um agaviðurlög gagnvart föngum og réttarstöðu þeirra, einkum að því er varðar rétt til lögfræðilegrar aðstoðar þegar gerð er krafa um agaviðurlög í fangelsum. Í þeim tilvikum sem fjallað er um í dóminum var afplánunartími lengdur fram yfir það sem búast mátti við miðað við almennar reglur um reynslulausn eða náðun, en þó ekki lengur en sem nam refsíákvörðun dómstólsins. Lengingin var u.þ.b. 40 dagar. Auk þess voru fangarnir sviptir tilteknum hlunnindum eða réttindum. Niðurstaðan er mikilvæg við endurskoðun íslensku fangelsislöggjafarinnar að því leyti að við vissar aðstæður eiga fangarnir rétt á lögfræðilegri aðstoð án endurgjalds þegar fyrirhugað er að beita þá ströngum agaviðurlögum. Ég hygg að þetta kynni að eiga við hér á landi við ákvörðun um einangrun og við ákvörðun um gæslu í öryggisklefa.

Þessi dómur Mannréttindadómstóls Evrópu er aðeins eitt dæmi um dóma og réttindi fanga, en fjölmargir slíkir dómur hafa gengið á undanförunum árum. Nauðsynlegt er að allsherjarnefnd láti fara yfir þá dóma áður en frumvarpið verður afgreitt úr nefnd svo hægt sé að gera viðeigandi breytingar.

Virðingarfyllst,



Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Innlagt: Samningur  
Dómur

Afrit: Trúnaðarráð fanga á Litla-Hrauni